

## Stefna

# Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð

Samband íslenskra sveitarfélaga sýnir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni, við ákvarðanatöku og ráðgjöf og er til fyrirmyndar í málefnum sjálfbærrar þróunar og loftslags. Það skapar vettvang fyrir sveitarfélögin til að læra hvert af öðru og auka þekkingu og hæfni þeirra til að takast á við áskoranir á sviði loftslagsmála og sjálfbærrar þróunar.



Samband íslenskra sveitarfélaga ætlar í þjónustu sinni við sveitarfélögin að:

1. Styðja við og hvetja til aukins samstarfs um sjálfbæra þróun og loftslagsmál.
2. Veita brautargengi breytingum sem mæta áskorunum samtímans á sviði sjálfbærrar þróunar og loftslagsmála.
3. Efla þekkingu og nýsköpun á sviði loftslagsmála og sjálfbærrar þróunar með fræðslu og miðlun upplýsinga um árangursrík verkefni og aðferðir sem gætu orðið öðrum til eftirbreytni.

Samband íslenskra sveitarfélaga ætlar í starfsemi sinni og rekstri að:

4. Mæla losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar, draga úr henni og kolefnisjafna starfsemina.
5. Hvetja og styðja vist- og heilsuvæna samgöngumáta starfsfólks á ferðum sínum.
6. Nýta hreinar orku- og vatnsauðlindir og lágmarka sóun á þeim á vinnustaðnum.
7. Stunda vistvæn innkaup á vörum og þjónustu sem uppfylla þarfir og gera kröfur um samfélagsábyrgð til birgja og þjónustuaðila.
8. Sjá til þess að lágmörkun úrgangs, endurnotkun, endurvinnsla og endurnýting verði rauður þráður í úrgangsstjórnun vinnustaðarins.
9. Skapa starfsfólki jöfn tækifæri og heilbrigt, öruggt og hvetjandi vinnuumhverfi þar sem það fær notið hæfileika sinna, sér og samfélaginu til ávinnings.
10. Vakta og kynna árangur stefnunnar og vinna reglulega að umbótum í góðu samstarfi við stefnumótandi aðila innan sambandsins, starfsfólk og aðra hagsmunaaðila.

## Mælikvarðar

1a. Ánægja með þjónustu sambandsins í málefnum sjálfbærrar þróunar og loftslags

1b. Fjöldi umsagna er snerta sjálfbæra þróun og loftslagsmál

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

1. Styðja við og hvetja til aukins samstarfs um sjálfbæra þróun og loftslagsmál

**Aðgerð 1.1** Stofnun samráðsvettvangs sveitarfélaga um innleiðingu loftslagsmála og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs  
**Kostnaður:** Óverulegur  
**Tímaáætlun:** Upphaf: júní 2019 – Lok: júní 2019

**Aðgerð 1.2** Veita umsögn frumvörpum og aðgerðaáætlunum ríkisins á sviði sjálfbærrar þróunar og loftslags.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Hafð, sífelluverkefni

**Aðgerð 1.3** Þátttaka í verkefnisstjórn um loftslagsmál.  
**Ábyrgð:** Verkefnisstjóri í umhverfis- og úrgangsmálum  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Ótímasett

**Aðgerð 1.4** Þátttaka í verkefnisstjórn um heimsmarkmið.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Ótímasett

**Aðgerð 1.5** Stofnun innanhússteymis um loftslagsmál og heimsmarkmiðin með erindisbréfi.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Upphaf: nóvember 2019 – Lok: janúar 2020



## Mælikvarðar

2a. Fjöldi mála um sjálfbæra þróun og loftslagsmál sem fara fyrir stjórn sambandsins og/eða nefndir.

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

2. Veita brautargengi breytingum sem mæta áskorunum samtímans á sviði sjálfbærrar þróunar og loftslagsmála

**Aðgerð 2.1** Fjalla um áætlanir og verkefni sem stuðla að sjálfbærri þróun, lágmarkun losunar gróðurhúsalofttegunda og aðlögun að loftslagsbreytingum á fundum stjórnar og nefnda sambandsins.

**Ábyrgð:** Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar

**Kostnaður:** Hluti af rekstri

**Tímaáætlun:** Hafid, sífelluverkefni

**Aðgerð 2.2** Fjalla um verkefni sem stuðla að sjálfbærri þróun lágmarkun losunar gróðurhúsalofttegunda og aðlögun að loftslagsbreytingum í fréttum sambandsins.

**Ábyrgð:** Innanhússteymi um loftslagsmál og heimsmarkmið og tækni- og þjónusturáðgjafi

**Kostnaður:** Hluti af rekstri

**Tímaáætlun:** Hafid, sífelluverkefni



## Mælikvarðar

- 3a. Stefna um samfélagsábyrgð er í gildi.
- 3b. Fjöldi fréttu um sjálfbæra þróun og loftslagsmál.
- 3c. Fjöldi viðburða þar sem þátttakendur geta nýtt sér upplýsingatækni í stað þess að mæta á staðinn og þannig dregið úr ferðapörf.
- 3d. Fjöldi heimsóknna á gátt sambandsins um málefni sjálfbærrar þróunar og loftslags á sveitarfélagastigi.

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

3. Efla þekkingu og nýsköpun á sviði loftslagsmála og sjálfbærrar þróunar með fræðslu og miðlun upplýsinga um árangursrík verkefni og aðferðir sem gætu orðið öðrum til eftirbreytni

**Aðgerð 3.1** Opna gátt á heimasíðu sambandsins um málefni sjálfbærrar þróunar og loftslags á sveitarfélagastigi þar sem sveitarfélög geta m.a. leitað fréttu og fyrirmynda að góðum lausnum í málaflokkunum.

**Ábyrgð:** Innanhússteymi um loftslagsmál og heimsmarkmið og tækni- og þjónusturáðgjafi

**Kostnaður:** Óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf: október 2019 – Lok: júní 2020

**Aðgerð 3.3** Opinbera grænt bókhald sambandsins árlega.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf: janúar 2021 – Lok: febrúar 2021

**Aðgerð 3.2** Efna til umfjöllunar um málefni sjálfbærrar þróunar og loftslags á viðburðum á vegum sambandsins.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs, Forstöðumaður Brussel-skrifstofu og verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangstjórnunar

**Kostnaður:**


**Tímaáætlun:** Hafid, sífelluverkefni

**Aðgerð 3.4** Þjóða upp á fjarfundarþátttöku eða beint streymi á viðburðum og fundum sambandsins.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs


**Kostnaður:** Óverulegur

**Tímaáætlun:** Hafid, sífelluverkefni



## Mælikvarðar

- 3a. Stefna um samfélagsábyrgð er í gildi.
- 3b. Fjöldi fréttu um sjálfbæra þróun og loftslagsmál.
- 3c. Fjöldi viðburða þar sem þátttakendur geta nýtt sér upplýsingatækni í stað þess að mæta á staðinn og þannig dregið úr ferðapörf.
- 3d. Fjöldi heimsóknna á gátt sambandsins um málefni sjálfbærrar þróunar og loftslags á sveitarfélagastigi.



# Aðgerðaráætlun 2019-2022

3. Efla þekkingu og nýsköpun á sviði loftslagsmála og sjálfbærrar þróunar með fræðslu og miðlun upplýsinga um árangursrík verkefni og aðferðir sem gætu orðið öðrum til eftirbreytni

**Aðgerð 3.5** Hvetja vist- og heilsuvæna samgöngumáta þátttakenda í viðburðum á vegum sambandsins.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs og tækni- og þjónusturáðgjafi

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf: mars 2020 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 3.6** Bjóða upp á kranavatn en ekki vatn í einnota drykkjarumbúðum á viðburðum á vegum sambandsins.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 3.7** Bjóða upp á fjölnota drykkjarumbúðir og borðbúnað á viðburðum sambandsins í stað einnota.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 3.8** Stilla prentun í hóf og leggja áherslu á rafræn gögn á viðburðum á vegum sambandsins.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Hluti af rekstri

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2109 Lok: sífelluverkefni

## Mælikvarðar

### 4a. Losun gróðurhúsa- lofttegunda frá rekstri sambandsins

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

## 4. Mæla losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar, draga úr henni og kolefnisjafna starfsemina

**Aðgerð 4.1** Hefja skrásetningu á losun gróðurhúsalofttegunda vegna rekstur vinnustaðarins samkvæmt Greenhouse Gas Protocol.<sup>1</sup>

**Ábyrgð:** Móttökuritari

**Kostnaður:** Óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf: janúar 2020 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 4.2** Leggja kolefnisbindingu lið árlega, s.s. endurheimt votlendis og skógrækt m.a. í reit sambandsins í Heiðmörk.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:**

**Tímaáætlun:** Upphaf: júlí 2020 – Lok: sífelluverkefni



<sup>1</sup> Greenhouse Gas Protocol gerir ráð fyrir að þein losun gróðurhúsalofttegunda sú losun sem aðilar geta haft beina stjórn á. SÍS getur skv. staðlinum haft bein áhrif á losun þar sem stofnunin á ekki bifreiðar. Óþein losun SÍS er fyrst og fremst vegna ferða starfsmanna í vinnutengdum erindum, þ.e. akstur leigubíla, bílaleigubíla, akstur starfsfólks í vinnu á eigin bílum, flug innanlands og flug erlendis. Einnig er óþein losun vegna rafmagnsnotkunar og meðhöndlun úrgangs (urðun blandaðs úrgangs og jarðgerð lífrænna matarleifa).

## Mælikvarðar

- 5a. Hlutfall ferða starfsfólk sem farnar eru með vist- og heilsuvænum hætti á vegum sambandsins skv. ferðamátakönnun.
- 5b. Hlutfall ferða starfsfólks til og frá vinnu sem farnar eru með vist- og heilsuvænum hætti skv. ferðamátakönnun.
- 5c. Fjöldi skipta sem hjól sambandsins eru notuð yfir árið.
- 5d. Fjöldi strætómiða sem starfsfólk notar yfir árið.

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

## 5. Hvetja og styðja vist- og heilsuvæna samgöngumáta starfsfólks á ferðum sínum

**Aðgerð 5.1** Gera ferðavenjukönnun á meðal starfsfólks.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs og verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar  
**Kostnaður:** Enginn  
**Tímaáætlun:** Upphaf og lok: mars 2020

**Aðgerð 5.2** Bjóða starfsfólki aðgang að reiðhjól, rafmagnsreiðhjól og/eða hlaupahjól vegna styttri vinnutengdra ferða.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Um 500.000 kr.  
**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 5.3** Vinna að því að bæta aðstöðu fyrir hjól við vinnustaðinn.  
**Ábyrgð:** Sviðstjórar rekstrar- og útgáfusviðs og lögfræði- og velferðarsviðs  
**Kostnaður:** Ekki vitað  
**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 5.4** Bjóða starfsfólki aðstöðu til að fara í sturtu og/eða til að skipta um föt í boði fyrir þá sem mæta til vinnu hjólandi eða gangandi.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Hafid, sífelluverkefni





## Mælikvarðar

- 5a. Hlutfall ferða starfsfólk sem farnar eru með vist- og heilsuvænum hætti á vegum sambandsins skv. ferðamátaskönnun.
- 5b. Hlutfall ferða starfsfólks til og frá vinnu sem farnar eru með vist- og heilsuvænum hætti skv. ferðamátaskönnun.
- 5c. Fjöldi skipta sem hjól sambandsins eru notuð yfir árið.
- 5d. Fjöldi strætómiða sem starfsfólk notar yfir árið.

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

## 5. Hvetja og styðja vist- og heilsuvæna samgöngumáta starfsfólks á ferðum sínum

**Aðgerð 5.5** Hvetja starfsfólk til að nýta sér vistvæna samgöngumáta t.d. með þátttöku í áttakinu *Hjólað í vinnuna*.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs og starfsmannafélagið

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf: maí 2020 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 5.6** Styrkja starfsfólk sem notar hjól á ferðum sínum til kaupa á hjólahjálmi.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Um 150.000 kr.

**Tímaáætlun:** Upphaf: maí 2020 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 5.7** Þjóða starfsfólki strætómiða vegna vinnutengdra ferða.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 5.8** Hvetja starfsfólk til að ferðast saman í vinnutengdum erindum þegar ferðast þarf á bíl.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2109 Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 5.9** Fjarfundir verði ávallt skoðaðir sem valkostur þegar starfsfólk sambandsins boðar til fundar.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar og sérfræðingar

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni



## Mælikvarðar

6a. Raforkunotkun  
vinnustaðarins

6b. Hitavatnsnotkun  
vinnustaðarins

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

## 6. Nýta hreinar orku- og vatnsauðlindir og lágmarka sóun á þeim á vinnustaðnum

**Aðgerð 6.1** Vinna að því að komið verði upp tengingu fyrir rafbíla í nágrenni við vinnustaðinn.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Um 1,5 m. kr.

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: júní 2020

**Aðgerð 6.2** Standa fyrir fræðslu um vistakstur fyrir starfsfólk.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, formaður starfsmannafélagsins og framkvæmdarstjóri

**Kostnaður:** Óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf og lok: maí 2020

**Aðgerð 6.3** Koma fyrir hreyfiskynjurum í stað rofa þar sem viðvera er lítil, svo sem á snyrtingum og í geymslum. Þar sem ekki er hægt að setja upp slíka hreyfiskynjara eru áminningarmiðar um að slökkva ljósin.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar og tækni- og þjónusturáðgjafi

**Kostnaður:** Um 100.000 kr.

**Tímaáætlun:** Upphaf: mars 2020 – Lok: desember 2020

**Aðgerð 6.4** Farið í gegnum að hita- og ofnakerfi virki sem skildi og komið í veg fyrir sírennsli a.m.k. einu sinni á ári.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs og tækni- og þjónusturáðgjafi

**Kostnaður:** Ekki vitað

**Tímaáætlun:** Upphaf: mars 2020 – Lok: desember 2020

**Aðgerð 6.5** Endurskoða reglur um orkustillingar á tölvum og skjám með það að markmiði að tryggja lágmarks orkunotkun og upplýsa starfsfólk þær.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar og tækni- og þjónusturáðgjafi

**Kostnaður:** Enginn


**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: janúar 2020

**Aðgerð 6.6** Ganga úr skugga um að orkustillingar á tölvum og skjám séu samkvæmt reglum þar um.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar og tækni- og þjónusturáðgjafi

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf: janúar 2020 – Lok: sífelluverkefni



## Mælikvarðar

- 7a. Hlutfall ferða sem farnar eru á visthæfum leigubílum skv. ferðamátakönnun.
- 7b. Hlutfall vishæfra bílaleigubíla sem teknir voru á leigu.
- 7c. Fjöldi innkaupa-samninga með umhverfisviðmiðum.

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

## 7. Stunda vistvæn innkaup á vörum og þjónustu sem uppfylla þarfir og gera kröfur til birgja og þjónustuaðila í umhverfismálum

**Aðgerð 7.1** Semja við þjónustuaðila um notkun á hreinorku leigubílum, þ.e. bílum knúnum rafmagni, metani eða vetni vegna ferða starfsfólk í vinnutengdum erindum. Ef það er ekki framkvæmanlegt skal orkunotkun (g CO<sub>2</sub>/km) bifreiða aldrei vera lægri en sem nemur orkunýtingarflokki B.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf og lok: desember 2019

**Aðgerð 7.2** Samningar við þjónustuaðila eru teknir upp ef vísbendingar koma upp um að ekki sé starfað eftir gildandi kjarasamningum hverju sinni og/eða aðstæður starfsfólks þjónustuaðila séu ekki í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Hluti af rekstri

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 –  
Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 7.3** Nota umhverfisvottaðan prentpappír.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Hluti af rekstri

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 –  
Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 7.4** Skipta við umhverfisvottaðar prentsmiðjur þegar valin er prentþjónusta.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs og tækni- og þjónusturáðgjafi

**Kostnaður:** Enginn eða óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 –  
Lok: sífelluverkefni



## Mælikvarðar

- 7a. Hlutfall ferða sem farnar eru á visthæfum leigubílum skv. ferðamátakönnun.
- 7b. Hlutfall vishæfra bílaleigubíla sem teknir voru á leigu.
- 7c. Fjöldi innkaupa-samninga með umhverfisviðmiðum.

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

7. Stunda vistvæn innkaup á vörum og þjónustu sem uppfylla þarfir og gera kröfur til birgja og þjónustuaðila í umhverfismálum

**Aðgerð 7.5** Þjóða upp á a.m.k. tvenns konar lífrænt ræktaðar og/eða siðgæðisvottaðar (Fair Trade) vörur. Upplýst er hverju sinni um hvaða vörur eru vottaðar.

**Ábyrgð:** Móttökuritari  
**Kostnaður:** Enginn eða óverulegur  
**Tímaáætlun:** Upphaf: janúar 2021 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 7.6** Nota umhverfisvottaðar sápur og hreinsiefni, hvort sem er við ræstingar, í uppþvottavélina eða annarstaðar þar sem það er hægt.

**Ábyrgð:** Móttökuritari  
**Kostnaður:** Enginn eða óverulegur  
**Tímaáætlun:** Upphaf: janúar 2021 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 7.7** Nota umhverfisvottaða pappírsklúta.

**Ábyrgð:** Móttökuritari  
**Kostnaður:** Enginn eða óverulegur  
**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni



## Mælikvarðar

- 8a. Heildarmagn úrgangs sem fellur til
- 8b. Hlutfall úrgangs sem er flokkað og skilað til endurvinnslu eða endurnýtingar

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

8. Sjá til þess að lágmörkun úrgangs, endurnotkun, endurvinnsla og endurnýting verði rauður þráður í úrgangsstjórnun vinnustaðarins

**Aðgerð 8.1** Útbúa yfirlit yfir úrgangsstjórnun vinnustaðarins þar sem lýst er úrgangsflokkum starfseminnar, hvar ílát eru staðsett, hver er ábyrgur fyrir losun þeirra og hvað verður um úrganginn. Öll ílát eru merkt með viðkomandi úrgangsflokki og yfirlitið er sýnilegt á vinnustaðnum.

**Ábyrgð:** Verkefnisstjóri í umhverfis- og úrgangsmálum

**Kostnaður:** Enginn eða óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf og lok: janúar 2021

**Aðgerð 8.3** Gera átak í bættri matarnýtingu, s.s. með mælingu og upplýsingagjöf um matarsóun, endurskoðun á matarinnkaupum, mat sem er að renna út sé hampað sérstaklega, o.s.frv..

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, starfsmannafélag og móttökuritari

**Kostnaður:** Óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf: janúar 2021 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 8.2** Vinna að því að komið verði á fót söfnun lífræns úrgangs í húsinu.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Enginn eða óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf: ágúst 2020 – Lok: desember 2020

**Aðgerð 8.4** Gera prentun á báðar hliðar og í svarthvítu sjálfgilda stillingu á öllum prenturum og tölum starfsmanna.

**Ábyrgð:** Tækni- og þjónusturáðgjafi

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni



## Mælikvarðar

8a. Heildarmagn úrgangs sem fellur til

8b. Hlutfall úrgangs sem er flokkað og skilað til endurvinnslu eða endurnýtingar

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

8. Sjá til þess að lágmörkun úrgangs, endurnotkun, endurvinnsla og endurnýting verði rauður þráður í úrgangsstjórnun vinnustaðarins

**Aðgerð 8.5** Hvetja starfsmenn til að stilla prentun í hóf og leggja áherslu á rafræn gögn.  
**Ábyrgð:** Tækni- og þjónusturáðgjafi og skjalastjóri  
**Kostnaður:** Enginn  
**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 8.6** Koma fyrir handklæðum til handþurrkunnar ásamt einnota umhverfsvottuðum handþurrkum á snyrtingum.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Óverulegur  
**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 8.7** Þjófna upp á fjölnota drykkjarumbúðir og borðbúnað á vinnustaðnum í stað einnota.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Óverulegur  
**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 8.8** Gefa ársskýrslu sambandsins einungis út á rafrænu formi.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Enginn  
**Tímaáætlun:** Upphaf: ágúst 2020 – Lok: sífelluverkefni



## Mælikvarðar

- 9a. Hlutfall þeirra sem sjá fram á að vera á sama vinnustað eftir 5 ár.
- 9b. Hlutfall þeirra sem hafa fengið starfsþróunar-samtal síðasta árið.
- 9c. Hlutfall þeirra sem nýttu sér heilsufarsmælingar.
- 9d. Fjármagn sem greitt er til endurmenntunar starfsfólks.
- 9e. Hlutfall starfsfólks sem hreyfir sig einu sinni í viku eða oftar.
- 9f. Hlutfall starfsfólks sem mætir á viðburði starfsmannafélagsins að meðaltali á ári.

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

9. Skapa starfsfólki jöfn tækifæri og heilbrigt, öruggt og hvetjandi umhverfi þar sem það fær notið hæfileika sinna, sér og samfélaginu til ávinnings

**Aðgerð 9.1** Unnið verði að jafnlaunavottun fyrir starfseminu.  
**Ábyrgð:** Framkvæmdarstjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Um 1,7 m.kr.  
**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 9.3** Boðið verði upp á heilsufarsskoðun að minnsta kosti tveggja ára fresti.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Upphaf: febrúar 2020 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 9.5** Gerð verði vinnustaðagreining annað hvert ár.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Um 700.000 kr.  
**Tímaáætlun:** Upphaf: mars 2020 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 9.2** Haldin verður heilsuvika einu sinni á ári.  
**Ábyrgð:** Starfsmannafélagið  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Upphaf: janúar 2020 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 9.4** Boðið verði upp á bólusetningar fyrir starfsmenn árlega.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Upphaf: september 2020 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 9.6** Starfsfólki verði boðið upp á starfsþróunarsamtal einu sinni á ári.  
**Ábyrgð:** Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Upphaf: hafið – Lok: sífelluverkefni



## Mælikvarðar

- 9a. Hlutfall þeirra sem sjá fram á að vera á sama vinnustað eftir 5 ár.
- 9b. Hlutfall þeirra sem hafa fengið starfsþróunar-samtal síðasta árið.
- 9c. Hlutfall þeirra sem nýttu sér heilsufarsmælingar.
- 9d. Fjármagn sem greitt er til endurmenntunar starfsfólks.
- 9e. Hlutfall starfsfólks sem hreyfir sig einu sinni í viku eða oftar.
- 9f. Hlutfall starfsfólks sem mætir á viðburði starfsmannafélagsins að meðaltali á ári.

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

9. Skapa starfsfólki jöfn tækifæri og heilbrigt, öruggt og hvetjandi umhverfi þar sem það fær notið hæfileika sinna, sér og samfélaginu til ávinnings


**Aðgerð 9.7** Ávextir og grænmeti verður ávallt í boði fyrir starfsfólk.  
**Ábyrgð:** Móttökuritari  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 9.9** Starfsfólk geti sótt styrk til starfsþróunar og símenntunar.  
**Ábyrgð:** Sviðstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** 2,5 m.kr.  
**Tímaáætlun:** Upphaf: hafið – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 9.8** Sóðavatnsvél verði komið upp aðgengileg starfsfólki.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Hluti af rekstri  
**Tímaáætlun:** Upphaf og lok: desember 2019

**Aðgerð 9.10** Starfsfólk geti sótt styrk til líkamsræktar.  
**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Hluti af launakostnaði  
**Tímaáætlun:** Upphaf: hafið – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 9.11** Skipuleggja hópefli, s.s. með gróðursetningu, plokki eða annarri útivist, einu sinni á ári.  
**Ábyrgð:** Framkvæmdastjóri og sviðstjóri rekstrar- og útgáfusviðs  
**Kostnaður:** Óverulegur  
**Tímaáætlun:** Upphaf: júlí 2021 – Lok: sífelluverkefni





## Mælikvarðar

10a. Fjöldi skipta sem umhverfismál vinnustaðarins eru tekin fyrir á starfsmannafundum.

# Aðgerðaráætlun 2019-2022

10. Vakta árangur stefnunnar og vinna reglulega að umbótum í góðu samstarfi við stefnumótandi aðila innan sambandsins, starfsfólk og aðra hagsmunaaðila

**Aðgerð 10.1** Taka fyrir umhverfismál vinnustaðarins reglulega á starfsmannafundum.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, verkefnisstjóri í umhverfis- og úrgangsmálum

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 10.2** Útbúa grænt bókhald fyrir magn úrgangs, hlutfall endurunnins úrgangs, magn pappírsefna, hlutfall umhverfismerks pappírs, notkun raforku og heits vatns og losun gróðurhúsalofttegunda vegna ferðalaga starfsfólks.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf: febrúar 2021 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 10.3** Kynna stefnu og aðgerðaáætlun sambandsins um samfélagsábyrgð.

**Ábyrgð:** Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Óverulegur

**Tímaáætlun:** Upphaf: desember 2019 – Lok: sífelluverkefni

**Aðgerð 10.4** Endurskoða stefnu og aðgerðaáætlun sambandsins um samfélagsábyrgð.

**Ábyrgð:** Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

**Kostnaður:** Enginn

**Tímaáætlun:** Upphaf: janúar 2022 – Lok: júní 2022





Stefna Sambands  
Íslenskra sveitarfélaga  
um samfélagslega  
ábyrgð

